



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 27. landsþingi
Slysavarnafélags Íslands
Sandgerði
29. maí 1998**

Virðulegu þingfulltrúar
Góðir gestir

Við þekkjum öll hvernig saga lands og þjóðar hefur varðveitt annála um glímu manns og náttúru, hvernig öflin sem búa í iðrum jarðar og úfnu hafi, í hamskiptum veðra og vinda hafa skapað hið sérstaka samspil sem mótar íslenska tilveru og er samgróið lífi okkar og sjálfsvitund.

Við höfum löngum tekið örlögum okkar í erfiðu en fögru landi og sætt okkur við þá áhættu sem fylgt hefur því um aldir að sækja björg í bú við strendur Íslands.

Við kunnum, sögur og ljóð um hetjulegar fórnir og mannskaða, um sorgina sem helltist yfir dal og strönd, þorpsbúa og sveitabyggð þegar fréttir bárust um að þrútið loft og þungur sjór hefðu verið váboðar mikilla mannfórna.

Samt hefur samhjálpin ætíð verið sterk, haldið er út í bylinn til bjargar, safnað í leiðangur í skyndingu og stefnt til fjalla í leit að týndum göngumönnum, ýtt úr vör þótt brimið reiði þung högg á strandstað, línu skotið frá bjargi að bátshlið og ætt út í ölduna til að draga drukknandi mann að landi.

Á hættustundum á þjóðin eina sál, einn vilja, og byggðarlögin sameinast um liðssöfnun til bjargar, örlög eins verða barátta okkar allra.

Það eru þessir burðarásar í samvitund Íslendinga sem í 70 ár hafa reynst sterkar stoðir í öflugu starfi og afrekasögu Slysavarnafélags Íslands. Á einstæðan hátt hefur Slysavarnafélagið öðlast samviskusess í vitund þjóðarinnar. Tilvist félagsins og starfsemi er eins konar endurspeglun á sjálfsvitund þjóðarinnar og siðferðisstyrk.

Í byggðarlögum allt í kringum landið hafa deildir Slysavarnafélagsins orðið kjarninn í samstöðu íbúanna, laðað saman krafta ólíkra einstaklinga og bundið bönd tryggðar og hollustu meðal fólks úr ólíkum stéttum og með mismunandi skoðanir og stefnumið.

Í starfi slysavarnadeildanna birtist sá sannleikur að þegar hætta steðjar að þá sameinust við öll og leggjum hönd í hönd til bjargar.

Við hjónin höfum á ferðum okkar um landið kynnst því með hve miklu stolti íbúar og forystufólk byggðarlaganna kynna starf björgunarsveitanna. Þjálfun, tækjakostur, húsakynni og aðbúnaður allur hafa á undanförunum árum tekið miklum framförum.

Nýjustu dæmi um slíkar breytingar birtust okkur í opinberum heimsóknunum okkar nú í maí og apríl til Vestur-Skafafellssýslu og Seltjarnarness. Á báðum stöðum var kynning á starfi björgunarsveita Slysavarnafélagsins meðal helstu atriða í heimsóknunum.

Ánægjan sem skein úr andlitum hinna yngri liðsmanna mun ekki gleymast og sama gegnir um góðar minningar mínar frá rigningardegnum mikla í fyrra þegar slagveðrið lék undir við setningarathöfn á þjálfunarhátíð unga fólksins; vaskir strákar og sóknjarfar stelpur komin langt að úr öllum landshlutum til að standast eldraunir strangrar þjálfunar.

Sú áhersla sem Slysavarnafélag Íslands leggur á uppeldi ungra liðsveita er ekki aðeins liður í öflugu endurnýjunarstarfi sveitanna vítt og breitt um landið, heldur einnig veigamikið framlag til fornvarnarstarfs í íslensku samfélagi, leiðarljós sem lýst getur ungu fólki alla ævina, sannfært það um að gæfan fellst í hollustu og heilbrigði, þjálfun hugar og handa, samstarfi, leik og þjálfun með góðum félögum þar sem gleðin sjálf er einlæg og hrein.

Það steðja svo margs konar hættur að ungu fólki á okkar tíð að björgunarstarfið felst kannski fyrst og fremst í að efla fyrirmyndir og fálagsskap sem koma í veg fyrir að æskufólk verði fórnarlömb vímuefna og eiturfylfja sem í æ ríkari mæli tortíma lífi áður en komið er á fullorðinsár.

Hætturnar eru ekki aðeins frá náttúruvá og slysum heldur einnig frá þeim sölumönnum dauðans sem leika lausum hala í borg og bæ og freista ungs fólks með fíkniefnum, gera ógn við lífið sjálft að uppsprettu söluarðs með aðferðum sem mótaðar hafa verið á alþjóðlegum markaðssvæðum fíkniefnasalanna.

Hér þarf þjóðareiningu til bjargar og fordæmi og starfsandi Slysavarnafélagsins geta um landið allt orðið að öflugum liði við leit að lausnum sem duga.

Á tímamótum í sögu Slysavarnafélags Íslands er vissulega ástæða til að gleðjast yfir afreksferli og fagna um leið áræðni samtakanna í glímu við ný vandamál og breyttar þarfir. Hér sameinast í einni sveit traustar hefðir og ríkur vilji til sóknar.

Ég færi ykkur þakkir íslenskrar þjóðar fyrir störf ykkar og afrek og vona að um langa framtíð njóti Ísland krafta ykkar, dugnaðar og björgunarvilja.

Þið eruð í reynd gæslusveit þeirra eiginleika sem við Íslendingar viljum varðveita í sjálfsvitund okkar, handhafar þess heimamundar sem gert hefur okkur að þjóð.

Það er mikil gæfa að geta heilsað nýrri öld með slíkt veganesti.